

**Atvinnuvega- og
nýsköpunarráðuneyti**

Minnisblað

Viðtakandi: **Atvinnuveganefnd Alþingis**
Sendandi: **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið - Sjávarútvegs- og
landbúnaðarráðherra**
Dagsetning: **25.11.2013**
Málsnúmer: **ANR13090083**
Bréfalykill: **0.0**

Efni: Áhrif frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum, á beitingu þvingunarráðstafana, varnaraðgerða og greiðslna úr ríkissjóði vegna kostnaðar og bóta.

Við er til beiðni atvinnuveganefndar Alþingis dags. 21. nóvember 2013 þar sem óskað er eftir minnisblaði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins þess efnis hvort fullnægjandi sé að mati ráðuneytisins að tilgreina sjúkdóma í reglugerð ef upp koma tilvik þar sem beita þurfi varnaraðgerðum eða ef kemur til greiðslu kostnaðar og bóta.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum (viðaukar og reglugerðarheimild) mælir fyrir um að form sjúkdómalista verði fært úr upptalningu í viðauka í upptalningu í reglugerð. Sú reglugerð sem gert er ráð fyrir að sett verði á grundvelli frumvarpsins mun því eingöngu innihalda sambærilegt efni og núgildandi viðaukar við lögina. Í tillögum frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir að í reglugerð verði mælt fyrir um beitingu þvingunarráðstafana, varnaraðgerða eða greiðslu kostnaðar og bóta, þar sem um það gilda ákvæði laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Varnaraðgerðir skv. 8. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

Varnaraðgerðir og heimildir stjórnvalda sem tilgreindar eru í 1. - 4. tl. 1. mgr. 8. gr. laganna koma ekki til með að taka breytingum verði frumvarpið að lögum. Breytingin hefur áhrif á form sjúkdómalista þannig að í stað þess að viðkomandi sjúkdómur sé flokkaður í viðauka 1B sem tilkynningarskyldur sjúkdómur er sjúkdómurinn flokkaður í reglugerð sem tilkynningarskyldur sjúkdómur. Ef upp kemur tilkynningar- eða skráningarskyldur sjúkdómur sem nauðsynlegt er að útrýma eða hindra útbreiðslu á, hefur frumvarpið ekki áhrif á þær ráðstafanir sem ráðherra er heimilt að grípa til að fengnum tillögum Matvælastofnunar í samræmi við 8. gr. laga nr. 25/1993.

Kostnaður og bætur skv. 17. og 18. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra verði skylt að setja reglugerð þar sem sjúkdómar eru flokkaðir sem tilkynningar- og skráningarskyldir sjúkdómar. Einnig er lögð skylda á ráðherra að flokka tilkynningarskylda sjúkdóma í alvarlega tilkynningarskylda sjúkdóma og aðra tilkynningarskylda sjúkdóma. Í núgildandi viðaukum eru alvarlegir tilkynningarskyldir sjúkdómar almennt nefndir A-sjúkdómar og er nú að finna í viðauka 1A. Aðra tilkynningarskylda sjúkdóma er að finna í viðauka 1B, svokallaðir B-sjúkdómar. Tillaga frumvarpsins gerir ráð fyrir að flokkunin í reglugerð verði með sambærilegum hætti og nú er í viðaukunum. Í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins kemur fram að nauðsynlegt er að mæla fyrir um flokkun tilkynningarskylda sjúkdóma vegna 17. og 18. gr. laga nr. 25/1993, þar sem mælt er fyrir um bætur úr ríkissjóði. Frumvarpið hefur því ekki áhrif á þær efnisreglur sem gilda um greiðslu kostnaðar og bóta úr ríkissjóði í samræmi við

efni 17. og 18. gr. laga nr. 25/1993. Þær skyldur sem mælt er fyrir um í 17. og 18. gr. laganna taka þar af leiðandi ekki breytingum þrátt fyrir breytt form sjúkdómalistans. Ráðuneytið telur að sú formbreyting sem frumvarpið geri ráð fyrir komi ekki til með að veikja með einhverjum hætti þær ráðstafanir sem 17. og 18. gr. laga nr. 25/1993 mæla fyrir um.

Ráðuneytið telur með vísan til framangreinds að sú breyting sem mælt er fyrir um í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum komi ekki til með að veikja þær skyldur og heimildir sem mælt er fyrir um í ákvæðum laga nr. 25/1993 enda um að ræða breytingu á formi sjúkdómalista og flokkun þeirra en ekki breytingu á efnisreglum varðandi varnaraðgerðir og kostnað og bætur.